


# Geómetría



08.10.2022  
— 22.01.2023

Gerðarsafn — Kópavogur Art Museum

Málarinn notar litaspjald sitt, og á léreftinu byggir hann upp nýjan dýrðlegan veruleika, sem við ef til vill eignum erfitt með að skilja við fyrstu sýn.

Kristín Jónsdóttir frá Munkapverá

The painter uses their palette and constructs a new,  
spectacular reality on the canvas, one that we may find  
hard to understand at first sight.

Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá

Geómetría spratt úr tilraunamennsku og framsæknnum hug-myndum um eðli og möguleika listarinnar. Hreyfingin var andsvar við ríkjandi fagurfræði þar sem leitast var við að finna nýjar leiðir til sköpunar og tjáningar. Verk voru byggð upp af hreinum formum og samspili eintóna litaflata þar sem tökum hafði verið sleppt af tilvísun í raunheim okkar. Geómetría markar tímabil í listasögu okkar þar sem íslenskt listafólk var í fyrsta sinn samstíga framúrstefnulegri myndlist á alþjóðavettvangi.

Geómetrían kom sem loftsteinn inn í íslenskt menningarlíf í upphafi sjötta áratugarins og olli jafnframt straumhvörfum í listalífi þjóðarinnar og togstreitu á milli fylgjenda hreyfingarinnar og þeirra sem þótti listin illskiljanleg og fjarlæg. Geómetrían var kraftmikið og heildstætt tímabil innan íslenskrar myndlistar en það var skammvinnt og um 1960 höfðu flestir listamenn hreyfingarinnar þróað verk sín í aðrar áttir. Geómetrían spratt úr alþjóðlegum straumum en á Íslandi skapaðist sú sérstaða að listakonur voru virkar og áberandi innan hreyfingarinnar; þær voru í innsta kjarna hennar og leiddu samhliða starfsbræðrum sínum framúrstefnu þess tíma.

Á sýningunni Geómetría má sjá verk íslenskra listamanna sem voru í hringiðu módernisma og framúrstefnu í París á sjötta áratugnum. Módernískar listhreyfingar spruttu úr frjóum jarðvegi mikilla samfélagslegra breytinga með tæknilegum framförum, pólitískum óróa og þéttbýlismyndun. Við þessa umturnun á samfélagini skapaðist fráhvarf frá fyrri háttum og kallaði á nýja nálgun á umhverfið. Hópurinn dvaldi til lengri eða skemmri tíma í borginni og flutti til Íslands hugmyndir um möguleika abstraktlistar og drauminn um hið hreina form. Benedikt Gunnarsson, Gerður Helgadóttir, Guðmunda Andréssdóttir, Hafsteinn Austmann, Hörður Ágústsson, Valgerður Hafstað síðar Vala Enard, og Valtýr Pétursson héldu til Parísar á árunum 1949–1952 og sóttu nám við listaháskólann Académie de la Grande Chaumière. Eiríkur

Geometric art sprung from experimentation and progressive ideas about the nature and possibilities of art. The movement was a reaction to the prevailing aesthetics, preoccupied with finding new ways for expression and creation. The works were constructed from pure forms and the interplay of single-colour planes without any reference to the real world. With the arrival of geometric art, a period in our art history began where Icelandic artists for the first time were in harmony with progressive international art.

Geometric art hit the Icelandic culture scene like a meteor at the start of the 1950s, creating a turning point in Icelandic art and causing conflicts between followers of the movement and those who found the art unintelligible and distant. This was a powerful, cohesive period in Icelandic art history but didn't last long, around 1960 most artists within the movement had developed their work in other directions. Geometric art originated abroad but its development in Iceland was unique in that female artists became prominent within the movement, they were at its core and forefront, along with their male colleagues.

The exhibition Geometry contains works of Icelandic artists who were in the centre of modernism and avant-garde art in Paris during the 1950s. Modernist art movements sprung from the fertile soil of great societal changes caused by technological advances, political turmoil and urban development. This upheaval in society caused an estrangement from the old ways of life and demanded a new approach to the environment. The Icelandic artists stayed in Paris for different lengths of time and upon their return to Iceland brought ideas about the possibilities inherent in abstract art and the dream of the pure form. Benedikt Gunnarsson, Gerður Helgadóttir, Guðmunda Andréasdóttir, Hafsteinn Austmann, Hörður Ágústsson, Vala Enard and Valtýr Pétursson went

Smith, Guðmundur Benediktsson, Hjörleifur Sigurðsson, Nína Tryggvadóttir, Sverrir Haraldsson og Þorvaldur Skúlason fóru til Parísar á sömu árum og tileinkuðu sér skapandi strauma stórborgarinnar. Flestir listamannanna snuru aftur til Íslands 1951–1953 með nýjar hugmyndir og nálganir á myndlist í farteskinu.



Þrjár listakonur innan hópsins dvöldu áfram í París og þróuðu sín verk í alþjóðlegu samhengi: Gerður Helgadóttir, Nína Tryggvadóttir og Vala Enard. Gerður og Nína urðu þekktar fyrir verk sín í París og voru sterk tenging Íslands við alþjóðlegan listheim. Nína bauð íslenskum listamönnum að sýna með sér á alþjóðlegum samsýningum og tók þátt í stefnumarkandi sýningum á abstraktlist hérlendis. Nína staldraði stutt við geómetrísku abstraktlist áður en hún þróaðist út í ljóðrænni nálgun en hún vann fyrst íslenskra listamanna að geómetrískum samklippum sem hún byggði upp á svörtum grindum á litafleti. Nína vann geómetrísk málverk, grafíkverk og steinda glugga þar sem hornréttir litafletir í afbrigðum af grunnlitunum byggja upp þéttan myndflötinn.

Á fyrstu árum sínum í París þróaði Gerður Helgadóttir verk sín frá efnismiklum, kúbískum skúlptúrum til fíngerðra járnskúlptúra þar sem geómetrísk form snúast um rýmið innan verksins. Sýning hennar í Listamannaskálanum árið 1952

to Paris between 1949 and 1952 and studied at Académie de la Grande Chaumière. Eiríkur Smith, Guðmundur Benediktsson, Hjörleifur Sigurðsson, Nína Tryggvadóttir, Sverrir Haraldsson and Þorvaldur Skúlason also went to Paris around the same time and became acquainted with the metropolis' creative trends. Most of the artists returned to Iceland in 1951–1953, carrying new ideas and approaches to art.

Three of the female artists stayed on in Paris and developed their work in an international context: Gerður Helgadóttir, Nína Tryggvadóttir and Vala Enard. Gerður and Nína became known for their work in Paris, they created a strong link between Iceland and the international artworld. Nína invited Icelandic artists to participate in her exhibitions abroad and she was involved with trendsetting abstract art exhibitions in Iceland. Her period within geometric abstract art didn't last long, she quickly developed towards a more poetic approach, but she was the first Icelandic artist to create geometric collages, which she constructed on a black grid based on a coloured plane. Nína created geometric paintings, graphic art and stained-glass windows where rectangular colour planes in primary colour variations construct the dense picture plane.

During her first years in Paris, Gerður Helgadóttir developed her work from massive, cubist sculptures to delicate iron sculptures where geometric forms revolve around the space within the work. Her exhibition in The Artists' Pavilion in Reykjavik 1952 marked a watershed in Icelandic sculpture and the young artist influenced artists such as Ásmundur Sveinsson and Guðmundur Benediktsson with her iron sculptures.

Vala Enard, developed her geometric work with smoothness and the interplay of light, mixed hues, different from other artists within the movement. Vala didn't display these works, but in 1958 she and Gerður Helgadóttir held an exhibition in Paris, where Vala had developed her work with colder colours

markaði þáttaskil í íslenskri höggmyndalist og unga listakonan hafði mórandi áhrif á listamenn á borð við Ásmund Sveinsson og Guðmund Benediktsson með járnskúlptúrum sínum.

Vala Enard, þróaði geómetrísk verk sín með mýkt og samspili léttra blandaðra litatóna sem var frábrugðið öðrum listamönnum hreyfingarinnar. Vala sýndi ekki þessi verk sín en hélt sýningu í París ásamt Gerði Helgadóttur 1958 þar sem hún hafði þróað verkin yfir í kaldari litatóna og fínlegar línu-teikningar á myndfletinum. Verk Völu voru í sterku samtali við járnverk Gerðar undir lok tímabilsins, sem hún hafði þá þróað í fingerða vírastrúktúra og tvinnaði í þau gler og aðra málma með vísunum í dulspeki.

Fyrstu kynni af geómetrískri myndlist á Íslandi voru á september-sýningunni 1951 þar sem Valtýr Pétursson sýndi verkið Á svörtum grunni. Í verkinu spila saman hvöss form og grá-, blá- og rauðtóna litafletir umvafnir svörtum grunni en í tilefni sýningarinnar sagði Hörður Ágústsson Valtý vera „boðbera hinnar hreinu, óhlutlægu listar“. Valtýr byggir upp spennu og jafnvægi í geómetrískum málverkum sínum þar sem litafletir skarast og byggjast upp eftir miðjum myndfletinum. Í gvass-myndum Valtýs verður litanotkunin tilraunakennd og létt með óvæntu samspili blandaðra litatóna og forma sem skerast og skapa jafnvægi á myndfletinum. Gvassmyndir Valtýs skapa svo sterka heild að það mætti hugsa sér að hægt sé snúa þeim á hvaða veg sem er og myndbygging þeirra tæki því fagnandi.

Eiríkur Smith vinnur að sama skapi geómetrísk verk í gvass en þau eru einfaldari í formum og eintóna fletir spila á dempuðum bakgrunnstónum. Í málverkum Eiríks hvíla stórir fletir í gulum, rauðum og grænbláum tónum á svörtum grunni og myndbyggingin leikur meðfram mörkum rammans.

Guðmunda Andrésdóttir lætur stóra litsterka fleti skapa hreyfingu og samspil á myndfletinum í málverkum sínum. Litanotkun Guðmundu er einkennandi á tímabilinu þar sem heitir

and delicate line drawings on the picture planes. Towards the end of the period, Vala's works were in powerful dialogue with Gerður's iron works, which Gerður had by then developed into delicate wire structures, interweaving them with glass and other metals and carrying references to mysticism.




The first display of geometric art in Iceland was in the September exhibition 1951, where Valtýr Pétursson displayed his work *Á svörtum grunni* (On a Black Base). In the work, sharp forms and grey/blue/red colour planes interact on a black background and on this occasion, Hörður Ágústsson claimed Valtýr was “a herald of the pure, abstract art”. Valtýr builds up tension and balance in his geometric paintings, where colour planes overlap and develop up the middle of the picture plane. In Valtýr’s gouache paintings, the use of colour is experimental and light, with an unexpected mix of hues and forms that intersect and create a balance in the painting. His gouache paintings form such a strong whole that you can turn them any which way you want, the composition always holds up.

Eiríkur Smith also creates geometric gouache works, but the forms are simpler, single-colour planes interact on subtle background hues. In Eiríkur’s paintings, large yellow, red and

tónar grunnlita mætast í köntuðum og hvössum formum. Guðmunda þróaði verk sín í fíngerðari formgerð um miðjan áratuginn og skapar þá flóknari samsetning hvassra forma og lína samspil á miðjum myndfleti og litatónar mætast á þann hátt að dýpt og spenna skapast á fletinum.

Benedikt Gunnarsson var einn þeirra fyrstu til að tileinka sér geómetrískra formgerð og vann fyrsta geómetrískra málverk sitt árið 1951, Atómöldina. Benedikt dvaldi í París til ársins 1953 og vann mikið magn geómetrískra málverka og gvass-mynda á tímabilinu og sýndi á stórra einkasýningu í borginni það ár. Í verkum Benedikts spila mildir litatónar saman og hringlaga formum er teft á móti köntuðum litaflétum sem skapa marglaga myndbyggingu.



„Við tökum formin hjá okkur sjálfum úr þeirri tilkenningu sem heitir að vera og finna til,“ skrifar Hörður Ágústsson í þjóðviljann árið 1953 en honum var tíðrætt um að abstraktlistin túlki það sem er innra með listamanninum en ekki heiminn fyrir utan. Verk Harðar búa yfir þrívidd og léttleika svo á stundum er eins og litaflétirnir hverfist hver um annan, komi hver undan öðrum eða jafnvel sjáist í gegnum þá. Formin eru oft mörg og flókin en myndbyggingin örugg og verkin fá augun til að dansa

turquoise forms rest on a black base, the composition plays along the edges of the frame.

In Guðmunda Andréasdóttir's works, large, brightly coloured forms create movement and interplay on the picture plane. Her use of colour is typical for the period, hot primary colour hues meet in square, sharp forms. Guðmunda developed her works towards a more delicate structure around the middle of the decade, creating a more complex composition of sharp forms and lines in the centre of the picture plane, where the meeting of colours creates depth and tension in the painting.

Among the first artists to adopt the geometric structure was Benedikt Gunnarsson who created his first geometric painting in 1951, *Atómöldin* (The Atomic Age). Benedikt stayed in Paris until 1953, painting numerous geometric paintings and gouache works and holding a large solo exhibition in the city in the year of his departure. In Benedikt's works, soft hues interact, and round forms meet square colour planes, creating a multi-layer composition.

“We get the forms from within ourselves, from the sensation of existing and experiencing,” Hörður Ágústsson writes in *Þjóðviljinn* in 1953, but he often discussed abstract art’s way of expressing what’s within the artist but not in the world around them. Hörður’s works have a three-dimensional, light quality, at times it’s like the colour planes revolve around each other, protrude from behind one another, or even transparent. The forms are often multiple and complicated but the composition is secure, the works make the eyes dance across the picture plane. Hörður’s work *Dansliljan* (The Dancing Lily) has lightness and bright colours, in mixed turquoise and purple hues, and the piece was the first geometric artwork in a public space in Iceland.

Bright colours and a dialogue of mixed, soft hues can also be found in the geometric works of Svarav Guðnason, who had

yfir flötinn. Verk hans *Dansliljan* býr yfir léttleika og litagleði í blönduðum grænbláum og fjólubláum tónum en verkið var fyrsta geómetrískra listaverkið í almenningsrými á Íslandi.

Litagleði og samtal blandaðra mjúkra litatóna má einnig finna í geómetrískum verkum Svavars Guðnasonar, sem átti stutt en kraftmikið tímabil innan hreyfingarinnar. Svavar nálgaðist geómetríu á annan máta en flestir innan hópsins þar sem hann víesar í náttúru í litanotkun sinni og myndbyggingu bótt form verkanna séu geómetrísk. Svavar var tilraunakenndur í efnisnotkun sinni og notaði pastelkrít og olíuliti saman á myndfletinum og skapar þannig ólíkar áferðir og gagnsæi litanna. Aðferð Svavars birtir ljósifandi þá ólíku nálgun sem listamennirnir höfðu á geómetríuna þó að grunnhugsun hreyfingarinnar hafi verið að vinna eftir ströngum formerkjum litanotkunar og formfræði.



Þorvaldur Skúlason tileinkaði sér geómetríu seinna á ferlinum eftir mótnunarár sem fígúratívur listamaður. Þorvaldur átti þó eftir að halda tryggð við geómetrískra abstraktlist það sem eftir var af ferlinum og var bæði fyrirmynnd og sótti innblástur til yngri listamanna, á borð við Hörð Ágústsson og Karl Kvaran. Í verkum sínum leikur Þorvaldur með samspil andstæðra litatóna og uppbyggingu kantaðra forma sem togast á á myndfletinum.

a short but dynamic period within the movement. Svavar approached geometric art in a different way from most other artists, as he references nature in his use of colour and construction even if the forms are geometric. Svavar's use of material was experimental, he used pastel crayons and oil together on the picture plane, creating variations in texture and transparency. Svavar's method clearly shows the different approach each artist had to the geometry, although the movement's basic idea was to work according to strict rules of colour and morphology.

Þorvaldur Skúlason came to geometric art later in his career, after spending his formative period as a figurative artist. However, Þorvaldur remained true to geometric abstract art for the rest of his career, both a role model for and inspired by younger artists like Hörður Ágústsson and Karl Kvaran. In his works, Þorvaldur plays with the interaction of opposite hues and the construction of square forms that contend with each other on the picture plane. His works are characterised by tension and the overlap of black hues and brightly coloured blue, green and yellow forms. In paintings from the second half of his career, the sharp forms create round planes that take over the centre of the painting.

Karl Kvaran adopted the ideas of geometric art, but not in Paris, he developed from objective art to subjective, geometric works in the exhibitions of the September Group in 1951 and 1952. Karl mastered geometric art and became one of the movement's main artists in Iceland. In his first works, large, square forms play on a single-colour plane, bright blue, purple or yellow meets black and white planes, creating depth and balance. Karl developed his works towards a construction of horizontal lines in bright, mixed hues, where the oblong forms stretch outside the boundaries of the frame.

Verk hans einkennast af spennu og skörun svartra litatóna við litsterka, bláa, græna og gula litaletti. Í verkum hans frá seinni hluta tímabilsins haldast hvöss formin saman í hringlaga fleti sem tekur yfir miðjan myndflötinn.

Karl Kvaran tileinkaði sér géometríu en kynntist hreyfing-unni ekki í París heldur þróaði verk sín frá hlutbundnu í óhlut-bundin géometrisk verk á sýningum septemberhópsins 1951—1952. Karl náði góðum tökum á géometríu og varð einn helsti fulltrúi hreyfingarinnar hérlandis. Í fyrstu verkum hans spila stór, köntuð form saman á eintóna fleti og koma saman sterkir tónar af bláu, fjólubláu eða gulu við hvíta og svarta fleti sem skapa dýpt og jafnvægi. Karl þróaði verk sín yfir í uppbyggingu láréttar lína í sterkum blönduðum litatónum þar sem ílöng formin leita út fyrir mörk rammans.

Skýrar láréttar línur sem leita að ytri mörkum endurspeglast í verkum Ásgerðar Búadóttur, sem útfærði géometrískra form-gerð í textílverk. Fyrstu textílverk Ásgerðar voru hlutbundin en hún hóf að tvinna saman géometrisk form og náttúruvísanir í verkum sínum frá 1956. Ásgerður er einn sá listamanna sem tileinkar sér géometríu á seinni hluta tímabilsins og þróar verk sín með géometriskri formgerð áfram á sjöunda áratugnum. Í verkum Ásgerðar byggja lóðréttar og láréttar línur upp þétta myndbyggingu þar sem náttúrulegir ullanlitir spila saman á hvítum grunni. Í textílverkum hennar skarast litaletirnir og litatónar breytast með mótmum formanna.

Í verkum Eyborgar Guðmundsdóttir má sjá hvernig géometrisk formgerð var þróuð og aðlöguð undir lok sjötta ára-tugarins. Verk Eyborgar byggja á fyrirmynnum géometrískrar abstraktlistar og í fyrstu verkum hennar má sjá skýra géometrískra myndbyggingu með samspil forma og litatóna. Eyborg hélt í nám til Parísar 1959 og þróaði þar verk sín í optísku list, þar sem markviss form og regla eru notuð til að skapa sjónvillu. Í verkum sínum skapaði hún persónulegt myndmál sem



Clear, horizontal lines looking for outer boundaries are reflected in the works of Ásgerður Búadóttir who executed geometric ideas in her textile art. Ásgerður's first textile works were figurative but from 1956 she started interweaving geometric forms and nature references into her art. Ásgerður was one of the artists who adopted geometry in the second half of the period and she developed her geometric artworks into the 1960s. In her works, vertical and horizontal lines form a dense construction where natural wool colours interact on a white plane. In her textile works, the colours overlap and colours change with the shape of the forms.

Eyborg Guðmundsdóttir's art shows how geometric construction was developed and adapted towards the end of the 1950s. Eyborg's artworks are based on geometric abstract models and in her first pieces, you can see a clear geometric construction with interplay of forms and hues. Eyborg moved to Paris to study in 1959 and developed her work towards optic art, where systematic shapes and order are used to create illusions. She created a personal imagery, characterised by a spectacle based on simple forms, a sort of investigation of the possibilities of the geometric abstraction painting.

einkenndist af sjónarspili byggðu á einföldum formum, eins konar rannsókn á möguleikum strangflatarmálverksins.

Listamenn innan geómetríu voru ekki aðeins boðberar hennar í gegnum verk sín heldur lögðu sig fram við að skýra og skilgreina geómetríska abstraktlist í ræðu og riti. Hörður Ágústsson, Hjörleifur Sigurðsson, Kjartan Guðjónsson, Valtýr Pétursson og Þorvaldur Skúlason kynntu forsendur geómetríunnar í skrifum í tímaritum, dagblöðum og sýningarskrám. Tímaritið Birtingur, sem skapað var að fyrirmynnd franska listtímaritsins Art d'Aujourd'hui, varð vettvangur fyrir listumfjöllun og gagnrýni um hreyfinguna. Í tímaritinu var lögð áhersla á sjónræna framsetningu og listamenn hópsins unnu að grafískri hönnun og teikningum í tímaritið, þar á meðal Benedikt Gunnarsson og Hörður Ágústsson, sem jafnframt ritstýrði tímaritinu um árabil.

Aðkoma listamanna hreyfingarinnar að Birtingi kjarnar hugsjón þeirra um sambættingu og samskipti ólíkra listgreina. Listamenn léku sér að mörkum ólíkra listforma og Gerður Helgadóttir, Eyborg Guðmundsdóttir og Sverrir Haraldsson unnu einnig að gerð bókakápa, sýningarskráa og veggspjalda. Sverrir Haraldsson vann einnig að auglýsingagerð, hönnun umbúða og veggskreytingum fyrir verslanir. Áhrifa geómetríu gætti í hreinstefnu arkitektúr þar sem form úr málverkum urðu innblástur að byggingum og listamenn unnu í samstarfi við arkitekta abstraktverk í opinberum rýmum með það fyrir augum að færa listina nær almenningi. Sýningar hópsins urðu að vettvangi fyrir menningarviðburði; til að mynda lásu atómskáldin fyrst ljóð sín opinberlega á septembersýningunni 1953. Geómetrián var ekki einangruð myndlistarstefna heldur nýtt viðmóti, túlkun og tjáning á samtímanum þar sem myndlistin flæddi út fyrir rammann, samruni listgreina var mögulegur og borgin var vettvangur menningar.

Geometric artists didn't confine themselves to promoting the trend through their art, they also went out of their way to define and explain geometric abstraction in speech and writing. Hörður Ágústsson, Hjörleifur Sigurðsson, Kjartan Guðjónsson, Valtýr Pétursson and Þorvaldur Skúlason introduced the geometric criteria in magazines, newspapers and exhibition catalogues. Birtingur magazine, which was modelled on the French art magazine Art d'Aujourd'hui, became a platform where the movement was discussed and reviewed. The magazine emphasised visual presentation and geometric artists worked on its graphic design and drawings. Among them were Benedikt Gunnarsson and Hörður Ágústsson, but the latter also edited the magazine for years.

The artists involvement in Birtingur magazine shows their ideal of integration and collaboration between different art forms. Artists played around with the boundaries of different forms: Gerður Helgadóttir, Eyborg Guðmundsdóttir and Sverrir Haraldsson designed book covers, catalogues and posters. Sverrir Haraldsson also created advertisements, designed packaging and wall decorations for shops. The influence of geometric art could be seen in architectural purism, where forms from paintings inspired designs for buildings, and artists collaborated with architects, creating abstract works in public spaces with an aim of bringing art closer to the people. The group's exhibitions became scenes of cultural events, for example the first public reading of modernist poetry took place during the September exhibition 1953. Geometric art wasn't an isolated art trend, it was a new attitude, interpretation and expression of its time, where art flowed outside its frame, the fusion of different art forms became possible, and the city was a cultural setting.

Það má segja að við könnum frekar innri vídd en ytri.  
Okkur virðist stundum sem þar búi órannsakaður  
og töfrum slunginn heimur, sem býr yfir ótæmandi  
möguleikum.

Hörður Ágústsson

We explore the inner dimension rather than the outer one, where we sometimes feel a whole, magical and unexplored world resides, containing endless possibilities.  
Hörður Ágústsson

Geómetría Geometry  
08.10.22–22.01.23

Listamenn  
Artists

Ásgerður Búadóttir, Ásmundur Sveinsson, Benedikt Gunnarsson, Eiríkur Smith, Eyborg Guðmundsdóttir, Gerður Helgadóttir, Guðmunda Andrésdóttir, Guðmundur Benediktsson, Hafsteinn Austmann, Hjörleifur Sigurðsson, Hörður Ágústsson, Karl Kvaran, Kjartan Guðjónsson, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, Málfríður Konráðsdóttir, Nína Tryggvadóttir, Skarphéðinn Haraldsson, Svarav Guðnason, Sverrir Haraldsson, Vala Enard, Valtýr Pétursson & Þorvaldur Skúlason.

©Gerðarsafn — Listasafn Kópavogs, höfundar texta og myndefnis/ljósmynda, 2022 Gerðarsafn — Kópavogur Art Museum, authors, artists/photographers, 2022



Myndir í sýningarskrá í eigu Ljósmynda-safns Reykjavíkur og Gerðarsafns Photographs from the collection of Reykjavík Museum of Photography and Gerdarsafn

Mynd á forsíðu í eigu Ljósmyndasafns Reykjavíkur Cover image from the collection of Reykjavík Museum of Photography Nína Tryggvadóttir á vinnustofu sinni um 1955. Nína Tryggvadóttir in her studio around 1955.

Stofnunum og einstaklingum sem eiga verk á sýningunni er sérstaklega þakkað fyrir samstarfið.  
Institutions and private owners of works receive special thanks for their contribution.

Sýningarstjórn  
Curators  
Brynja Sveinsdóttir & Cecilie Gaihede

Texti  
Text  
Brynja Sveinsdóttir

Ritstjórn  
Editor  
Hallgerður Hallgrímsdóttir

Textar byggðir á  
Texts based on  
Ásdís Ólafsdóttir, Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir & Jón Proppé, Íslensk listasaga, III. bindi: Abstraktlist / Icelandic Art History: III. volume: Abstract Art, 2011.  
Ásdís Ólafsdóttir, Ólafur Kvaran, Sjón, Abstrakt geómetría / Abstract Geometry, 2022.  
Þróstur Helgason, Opna svæðið: Tímaritið Birtingur og íslenskur módernismi, 2020.

býðing og yfirlestur  
Translation and proofreading  
Ingunn Snædal

Ráðgjafi  
Consultant  
Ólafur Kvaran

Sýningarhönnun  
Exhibition design  
Hreinn Bernharðsson  
Arnar Freyr Guðmundsson

Útfærsla og smíði  
Construction implementation  
Sean O'Brian

Grafísk hönnun  
Graphic design  
Studio Studio  
(Arnar Freyr Guðmundsson,  
Birna Geirfinnsdóttir)

Prentun  
Printing  
Svansprent ehf.